

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018

1. Viðauki vegna fjölgunar funda öldungaráðs

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnýslu (RHS) hækki um 510 þkr. vegna tímabundinnar fjölgunar á fundum öldungaráðs í ljósi þess fjölda mála sem á borð ráðsins koma. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. 01271, mannréttindaskrifstofu. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -510
RHS	01271	Mannréttindaskrifstofa	Til 510
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 21. desember 2017, sbr. mál R17010035.

2. Viðauki vegna fjölgunar funda ofbeldisvarnarnefndar

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnýslu (RHS) hækki um 1.190 þkr. vegna tímabundinnar fjölgunar á fundum ofbeldisvarnarnefndar í ljósi þeirrar vitundarvakningar sem orðið hefur í samfélaginu vegna samfélagsmiðlabyttingarinnar #metoo og #ískuggavaldsins. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. 01271, mannréttindaskrifstofu. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -1.190
RHS	01271	Mannréttindaskrifstofa	Til 1.190
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 21. desember 2017, sbr. mál R17010036.

3. Viðauki vegna rannsóknar um styttingu vinnuvikunnar

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnarsýslu (RHS) hækki um 5.050 þkr. vegna samnings við Rannsóknarsetur Háskólans á Akureyri og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um gerð tveggja rannsókna vegna 2. áfanga tilraunarverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. 09204, sérstakar athuganir og úttektir. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -5.050
RHS	09204	Sérstakar athuganir og úttektir	Til 5.050
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 11. janúar 2018, sbr. mál R14050127.

4. Viðauki vegna samstarfs við Climate-KIC

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnarsýslu (RHS) hækki um 1.500 þkr. vegna þátttöku Reykjavíkurborgar og samstarf við Climate-KIC um norræna miðstöð þeirra í Reykjavík. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. 09519, hagmál. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -1.500
RHS	09519	Hagmál	Til 1.500
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 5. apríl 2018, sbr. mál R18010051.

5. Viðauki um leiðir til auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnarsýslu (RHS) hækki um 10.600 þkr. til að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð. Ráðstafað verði 7.100 þkr. til undirbúnings og vinnslu kynningarefnis sem færist á kostn.st. 01271, mannréttindaskrifstofu og ráðstafað verði 10.000 þkr. sem varið verði til gerðar kynningarefnis og auglýsingabirtinga sem færist á kostn.st. 01288, upplýsingadeild. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -17.100
RHS	01271	Mannréttindaskrifstofa	Til 7.100
RHS	01288	Upplýsingadeild	Til 10.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu

Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 8. febrúar 2018, sbr. mál R17110191.

6. Viðauki vegna vorráðstefnu European Cities Marketing (ECM) sem haldin var í Reykjavík dagana 21.-24. febrúar 2018.

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 3.000 þkr. vegna vorráðstefnu European Cities Marketing (ECM) sem haldin var í Reykjavík dagana 21. til 24. febrúar 2018. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. 07400 Höfuðborgarstofu. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -3.000
MOF	07400	Höfuðborgarstofa	Til 3.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 15. febrúar 2018, sbr. mál R18020095.

7. Viðauki vegna aðgerða til úrbóta í barnaverndarstarfi

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 39.300 þkr. vegna aðgerða til úrbóta í barnaverndarstarfi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -39.300
VEL	F9010	Rafrænn ábendingahnappur	Til 4.200
VEL	F2220	Sólarhringsúrræði Mánaberg	Til 10.200
VEL	F9040	Sólarhringsúrræði Hraunberg	Til 7.900
VEL	V1113	Fræðsla, skimun og efling mannauðsþjónustu	Til 17.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 22. mars 2018, sbr. mál R18010388.

8. Viðauki vegna búsetuúrræðis í Þorláksgesla

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 10.850 þkr. vegna rekstrar á búsetukjarna við Þorláksgesla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færist á kostn.st. F4337. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.850
VEL	F4337	Þorláksgesli	Til 10.850
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 22. september 2016 kynnti velferðarsvið fyrirhugaðar breytingar á rekstri búsetukjarna við Þorlaksgeisla m.v. fyrri áætlanir. Skv. kostnaðarmati var gert ráð fyrir að útgjöld yrðu um 10,8 mkr hætti en fyrri áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Borgarráð samþykkti að vísa málinu til vinnslu fjárhagsáætlunar sbr. mál R16010225. Þessi breyting er ófrágengin.

9. Viðauki vegna úrskurðar félagsdóms nr. 16/2016

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) verði hækkaðar um 28.300 þkr. vegna launaleiðréttinga í kjölfar félagsdóms nr. 16/2016. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, launa- og starfsmannakostnaður og færast á kostnaðarstað V1113, mannauðsþjónusta velferðarsviðs. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -28.300
VEL	F8210	Ófyrirséð velferðarsviði	Til 28.300
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 22. júní 2017 féll dómur félagsdóms í máli nr. 16/2016, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Eflingar stéttarfélags gegn Reykjavíkurborg. Viðurkennt er að Reykjavíkurborg hafi brotið gegn grein 1.4.2. í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags frá 13. nóvember 2015. Hér er um að ræða um það bil það sem eftir stendur af uppgjöri við starfsmenn Eflingar vegna þessa og tilheyrir árinu 2017 og fyrr um 13.300 þkr., ásamt áætluðum kostnaðarauka sviðsins á ársgrundvelli um 15.000 þkr. vegna breytinga á framkvæmd í samræmi við dóminn eða samtals 28.300 þkr. kostnaðarauki á árinu 2018.

10. Viðauki vegna Sköpunartorgs á vef Reykjavíkurborgar

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnýslu (RHS) hækki um 10.000 þkr. til að standa undir stofnun og rekstri Sköpunartorgs í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 21. september 2107. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð, og færast á kostn.st.09516 þróun og nýsköpun. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
RHS	09516	Þróun og nýsköpun	Til 10.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Undirbúningur að stofnun sköpunartorgs hefur staðið yfir frá því í september 2017 og er stefnt að opnun Sköpunartorgs á næstu vikum. Áætlað er að kostnaður vegna verkefnisins á árinu 2018 verði alls 10.000 þkr. Nánar er vísað í umfjöllun borgarráðs þann 12. september

2017, mál nr. R17020227.

11. Viðauki vegna undirbúnings að innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) hækki um 8.000 þkr. til að standa undir kostnaði vegna undirbúnings nýrrar persónuverndarlöggjafar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og sem færast á kostn.st 01100 skrifstofa borgarstjóra og borgarritara. Áhrifin eru eftirfarandi á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-8.000
RHS	01100	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Til	8.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

12. Viðauki vegna launaþróunartryggingar samkvæmt rammisamkomulagi við aðila vinnumarkaðarins

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 465.816,1 þkr. samkvæmt rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 um hækkun launa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB í samræmi við laun félagsmanna ASÍ á almennum markaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og sundurliðast með eftirfarandi hætti á fagsvið Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður (ÖNN)	Frá	-465.816
ITR	xxxxx	Íþrótt- og tómstundasvið	Til	25.239
MOF	xxxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	16.538
RHS	xxxxx	Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	Til	19.791
SEA	xxxxx	Skrifstofa- eigna- og atvinnuþróunar	Til	882
SFS	xxxxx	Skóla- og fristundasvið	Til	172.920
USK	xxxxx	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	21.411
USKRK	xxxxx	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	19.264
VEL	xxxxx	Velferðarsvið	Til	189.528
ÖNN	xxxxx	Sameiginlegur kostnaður	Til	243
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 1. mars 2018 var skrifað undir samkomulag um "Útfærslu launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 samkvæmt rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins". Niðurstöður launaþróunartryggingar eru að félagsmenn ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögunum skulu fá 1,4 prósentu launaauka og félagsmenn BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,4 prósentu launaauka. Niðurstaðan taki gildi frá 1.1.2018. Sjá nánar í hjálögðu fylgiskjali.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Útfærslu launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 samkvæmt rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, dags. 1. mars 2018.

Útfærsla launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 samkvæmt rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins

Samkvæmt rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, dags. 27. október 2015, skal árlega bera saman þróun launakostnaðarvísitölu fjögurra hópa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum, við þróun á launakostnaðarvísitölu félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Verði mæld þróun launakostnaðar einhvers hinna fjögurra hópa opinberra starfsmanna lakari en á almennum vinnumarkaði skulu starfsmenn í þeim hópi fá launahækkanir (launaauka) til að jafna muninn, en verði þróunin opinberum starfsmönnum í hag skal jafna það við næstu ákvörðun.

Fyrsti samanburðurinn fór fram í árslok 2016 og skilaði félagsmönnum aðildarfélaga BSRB sem starfa hjá ríkinu 1,3 prósentu launaauka og félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu 1,8 prósentu launaauka vegna þróunar launakostnaðar á tímabilinu nóvember 2013 til nóvember 2016. Á sama tímabili jókst launakostnaður meira hjá félagsmönnum ASÍ og BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum en launakostnaður jókst á almennum vinnumarkaði og kom því ekki til launaauka hjá þeim. Niðurstöður samanburðar á þróun launakostnaðar frá nóvember 2013 til nóvember 2017 eru tilgreindar hér að neðan.

1. Niðurstöður launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 eru eftirfarandi:
 - a. Félagsmenn ASÍ sem starfa hjá ríkinu skulu fá 0,5 prósentu launaauka.
 - b. Félagsmenn ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,4 prósentu launaauka.
 - c. Félagsmenn BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,4 prósentu launaauka.
 - d. Ekki kemur til launaauka hjá félagsmönnum BSRB sem starfa hjá ríkinu.

Niðurstaðan byggir á útreikningum í neðangreindri töflu og launaaukar taka gildi frá 1.1.2018

Vísitala reglulegra launa - nóvember ár hvert

	ASÍ			BSRB	
	Almennur	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
2013	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2014	105,6	105,7	109,8	105,0	108,8
2015	115,2	113,3	114,6	113,8	113,9
2016	125,4	125,9	132,8	125,7	131,3
2017	135,5	135,0	138,6	137,5	138,6

Hækkun reglulegra launa skv. Hagstofu Íslands	35,5%	35,0%	38,6%	37,5%	38,6%
Framlag launagreiðenda til Isj. ¹	3,24%	1,35%	1,34%	1,35%	1,34%
Framlag í orlofssjóð 2016 ²				0,16%	0,06%
Leiðrétting 2014 v. samnings 2011 ³			-1,8%		-1,8%
Launahækkun vegna launaþróunartryggingar 2016 ⁴		1,80%		1,30%	
Hækkun launakostnaðarvísitölu alls	39,9%	39,2%	37,9%	41,4%	38,0%
Frávik frá ASÍ-Almennur, % ⁵		-0,5%	-1,4%	1,0%	-1,4%

1. Samkvæmt kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ, dags. 21. janúar 2016 hækkar lífeyrisframlag launagreiðenda úr 8,0% í 11,5% á árunum 2016-2018. Í útreikningum er öll 3,5% hækkunin (3,24% kostnaðarhækkun) látin falla á ASÍ-Alm. árið 2016. Opinberir launagreiðendur greiða ígildi viðbótariðgjalds til að standa undir lögbundnum lífeyrisréttindum sem metið er til 1,5% árlegs kostnaðarauka og er einnig látið falla á árið 2016. 1,5% kostnaðarhækkun (1,34% eða 1,35%) nær einnig til félagsmanna ASÍ-sv.fél.

2. Aðildarfélög BSRB og fjármálaráðuneytið gerðu kjarasamning, dags. 28.10. 2015, um 0,2% hækkun á framlagi í orlofssjóð 2016. Áhrif á launakostnað eru metin 0,16%. Aðildarfélög BSRB og Reykjavíkurborg gerðu sams konar samning, dags. 13.11.2015, sem einnig er metinn til 0,16% kostnaðar en hann náði til 39% félagsmanna BSRB hjá sveitarfélögunum. Kostnaðarmatið verður því 0,06% (0,16%*39%).

3. Leiðréttingin snýr að félagsmönnum ASÍ og BSRB í starfi hjá sveitarfélögum, öðrum en Rvk., og byggir á samkomulagi frá 4.11.2015 milli aðila rammisamkomulagsins. Launahækkunin sem dregst frá var 3,0% og kom til framkvæmdar í mars

2014. Vægi félagsmanna ASÍ hjá sveitarfélögum öðrum en Rvk. er 59% og vægi félagsmanna BSRB er 61%. Leiðrétting til frádráttar hjá ASÍ-sv.fél. er því -1,8% (-3,0%*59%) og BSRB-sv.fél. einnig -1,8% (-3,0%*61%).

4. Samkomulag um útfærslu launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2016 var undirritað þann 21. desember 2017 af aðilum vinnumarkaðarins. Niðurstaða þess var að laun félagsmanna aðildarfélaga BSRB sem starfa hjá ríkinu hækkuðu um 1,3% og laun félagsmanna aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækkuðu um 1,8%. Sérvinnsla Hagstofu Íslands í nóvember 2017 inniheldur ekki þær hækkanir og þarf því að bæta þeim handvirkt við inn í útreikninginn fyrir tímabilið 2013-2017.

5. Frávik frá ASÍ-Almennur er sú prósentutala sem þarf til að jafna þróun launakostnaðar hjá ríki eða sveitfélögum við almennan vinnumarkað. Prósentan er reiknuð út með því að deila með samtals hækkun á launakostnaðarvísitölu fyrir ríki eða sveitfélög í hækkun sambærilegrar vísitölu fyrir almennan vinnumarkað.

2. Áhrif launaþróunartryggingar á frekari hækkanir

Gildistími kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og rammisamkomulags um sameiginlega launastefnu er til sama tíma eða ársloka 2018. Kjarasamningar ríkis og sveitarfélaga gilda nokkrum mánuðum lengur.

Launaþróunartrygging hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkanir innan ofangreinds samningstímabils.


- Við mat á áhrifum hverrar mælingar skal litið til heildarsamningstímabilsins frá nóvember 2013 til tímapunkts mælingar.
- Samningsaðilar skulu útfæra sín á milli hvernig launauki sem kann að koma til vegna launaþróunartryggingar verði ráðstafað.
- Ef í ljós kemur, við mælingu á launakostnaðarvísitölum hjá ríki og sveitarfélögum við lok samningstímabils, að þær hafi hækkað umfram sambærilega vísitölu fyrir almennan vinnumarkað skal samið um það við næstu samningsgerð hvernig það verði jafnað á næsta samningstímabili.
- Verði ekki samið um framhald launaþróunarviðmiða við næstu kjarasamninga kemur c-liður ekki til framkvæmda.

Reykjavík, 1. mars 2018

F.h. Alþýðusambands Íslands



F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. fjármála- og efnahagsráðherra



F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

